



Borgarráð

Reykjavík, 1. september 2026

MSS26060046

Tilnefning á fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Brúar lífeyrissjóðs fyrir árin 2026-2030

Lagt er til að borgarráð samþykki að tilnefna Eddu Björk Ragnarsdóttur sem fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn Brúar lífeyrissjóðs. Samkvæmt samþykktum Brúar lífeyrissjóðs skipa Samband íslenskra sveitarfélaga, BHM og BSRB stjórn sjóðsins. Samband íslenskra sveitarfélaga skipar þrjá stjórnarmenn af sex og hefur óskað eftir því að einn fulltrúi Sambandsins komi frá Reykjavíkurborg. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri

Hjálagt:

Erindi Brúar lífeyrissjóðs til Sambands íslenskra sveitarfélaga með beiðni um skipan í stjórn Brúar lífeyrissjóðs fyrir árin 2026-2030, dags. 28. maí 2026.

Sjálfsmat stjórnar.



Reykjavík

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga
b.t. Arnars Pórs Sævarssonar, framkvæmdastjóra
Borgartúni 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Reykjavík, 28. maí 2026

Efni: Skipan í stjórn Brúar lífeyrissjóðs fyrir árin 2026-2030.

Samkvæmt samþykktum Brúar lífeyrissjóðs skipa Samband íslenskra sveitarfélaga, BHM og BSRB stjórn sjóðsins. Sambandið skipar þrjá stjórnarmenn, BSRB tvo stjórnarmenn og BHM einn stjórnarmann.

Jafnframt skulu framangreindir aðilar skipa tvo varamenn, þar af einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn sameiginlega af BSRB, Bandalagi háskólamanna og Kennarasambandi Íslands. Skipunartími stjórnarmanna er fjögur ár.

Aðildarsamtök sjóðsins skulu tryggja að stjórn sé þannig skipuð að hún búi yfir nægilegri þekkingu og reynslu til að rækja hlutverk sitt með skilvirkum og ábyrgum hætti. Einnig skal gætt að jafnvægi í kynjahlutföllum við skipan stjórnar.

Bent er á upplýsingasíðu Seðlabanka Íslands um hæfismat stjórnarmanna eftirlitsskylda aðila <https://sedlabanki.is/leyfisveitingar/mat-a-haefi/>. Jafnframt er hjálaga Excel-skjal sem ætlað er til að meta samsetningu stjórnar og skal það lagt til grundvallar við mat á samsetningu stjórnar.

Virðingarfyllt

Gerður Guðjónsdóttir
framkvæmdastjóri

Inngangur og leiðbeiningar

Ábyrgð stjórnar þegar kemur að eftirliti og stjórnun váttryggingafélags er sameiginleg. Stjórn váttryggingafélags uppfyllir hlutverk sitt með fullnægjandi hætti þegar hún hefur virka yfirsýn yfir starfsemi váttryggingafélagsins og er fær um að taka upplýstar ákvarðanir. Þar af leiðandi er mikilvægt að virk stjórn samanstandi af einstaklingum með mismunandi þekkingu, fagkunnáttu og reynslu, að stjórnarmenn viðhaldi þekkingunni og að þekking stjórnarinnar í heild nái yfir allar helstu hliðar í rekstri váttryggingafélagsins og áhættur tengdum þeim. Það er á ábyrgð váttryggingafélagsins að tryggja að stjórnin í heild sinni búi ávallt yfir hæfi og hæfni til að sinna störfum sínum.

Sjálfsmat fyrir stjórnir lífeyrissjóða/váttryggingafélaga

Sjálfsmatið er tæki fyrir stjórnir váttryggingafélaga til að meta sameiginlega þekkingu sína með reglulegu millibili.

Með því að meta þekkingu, fagkunnáttu og reynslu hvers stjórnarmanns með hliðsjón af helstu hliðum rekstrar váttryggingafélagsins og áhættu tengdum honum, er hægt að kortleggja styrkleika og veikleika stjórnarinnar í heild og meta sameiginlega þekkingu, fagkunnáttu og reynslu. Niðurstöður sjálfsmatsins gefa innsýn í þjálfunarþarfar stjórnarinnar og ættu að vera notaðar til að ákvarða hvaða þekkingu, fagkunnáttu og reynslu nýir stjórnarmenn ættu að hafa.

Innra ferli við framkvæmd sjálfsmatsins

Stjórnin í heild sinni er ábyrg fyrir framkvæmd sjálfsmats á sameignilegri þekkingu, þá er stjórnin í heild sinni ábyrg fyrir því að setja upp viðmið fyrir stjórnarmenn þannig að sjálfsmatið sé fyllt út á skilvirkan, gagnsæjan, sanngjarnan og gagnrýninn hátt. Það eru margvíslegar leiðir til að ná þessu takmarki, en aðalatriðið er að sú leið sem er valin ætti að enda í sameiginlegum samræðum um sjálfsmatið, ekki aðeins um einkunnir og nöfn á bakvið mismunandi þekkingarkröfur, heldur einnig um undirliggjandi ástæður og niðurstöður heildarmatsins.

Stjórn váttryggingafélags gæti ákveðið að besta leiðin til að fylla út þetta sjálfsmat væri að byrja á því að hver stjórnarmaður myndi fylla út spurningalista sem yrði svo notaður sem innlegg í sjálfsmatið. Slíkur spurningalisti er ekki hluti af þessu sjálfsmati þar sem hér er aðeins horft á sameiginlega þekkingu stjórnarinnar.

Þegar sjálfsmatið er framkvæmt, ætti að taka tillit til verkefna innan samstæðunnar, þar sem við á (eftirlitshlutverk móðurfélags, útvistun innan samstæðu o.s.frv.). Samstæðuhugtakið er sérstaklega mikilvægt í lýsingunni á viðskiptalíkani félagsins.

Töflur og texti í þessu sjálfsmati

Sjálfsmatið inniheldur töflur sem taka saman sameiginlega stigagjöf sem gefur hugmynd um sameiginlegt hæfi og hæfni stjórnarinnar.

Sameiginlega matið (hátt, meðalhátt, meðallágt, lágt og ekki til staðar) er skilgreint með því að nota hugtakið "reynsla" í viðum skilningi, þ.e. hugtakið á að ná bæði yfir hagnýta og fræðilega þætti og yfir fagkunnáttu og þekkingu. Bæði ætti að horfa til fræðilegrar reynslu, sem stjórnarmaður öðlast með menntun og þjálfun, og hagnýtrar reynslu sem fæst með fyrri störfum.

Við stigagjöfina ætti að koma nafn þess stjórnarmanns sem kemur með mesta virðið fyrir hvern þátt sjálfsmatsins. Þar sem æskilegt er að váttryggingafélagið verði fyrir sem minnstum áhrifum af brotthvarfi einstakra stjórnarmanna, er ætlast til þess að nafn fleiri en eins stjórnarmanns komi fram við hvern þátt sjálfsmatsins.

Útskýringar á stigagjöfinni eru jafn mikilvægar og stigagjöfin sjálf. Sem dæmi gæti verið sérstök ástæða fyrir því að tiltekinn aðili er hluti af stjórninni, t.d. vegna sértækrar þekkingar hans/hennar. Hægt er að bæta við, í sérstaka töflu, útskýringum á stigagjöfinni og nöfnum stjórnarmanna sem koma fram við hvern þátt sjálfsmatsins. Í lok sjálfsmatsins koma fram spurningar sem ætlað er að taka saman niðurstöður sjálfsmatsins og draga fram skýra mynd á sameiginlega þekkingu stjórnarinnar.

Sameiginleg þekking stjórnar á viðskiptalíkaninu

Þessum hluta sjálfsmatsins er ætlað að lýsa:

Núverandi viðskiptalíkan váttryggingafélagsins:

Helstu áhættur í tengslum við núverandi viðskiptalíkan, í samræmi við áhættuvilja stjórnar:

Áætlun félagsins (horft til framtíðar):

Helstu áhættur í tengslum við áætlun félagsins:

Þessum hluta sjálfsmatsins er ætlað að kortleggja þá reynslu sem æskilegt er að stjórn hafi sameiginlega. Horfa skal til helstu þátta núverandi viðskiptalíkans váttryggingafélagsins, áætlun þess og helstu áhætta sem nauðsynlegt er að meta og stýra. Þessi kortlagning er framkvæmd á grundvelli eigin mats stjórnarinnar á helstu vörulínum, útibúum og áhættuþáttum. Vinsamlegast tilgreinið undiráhættuþætti fyrir hverja áhætta.

[illegible]

Almennar kröfur

A. Stjórnarhættir

Þessum hluta sjálfsmatsins er ætlað að kortleggja hvernig skipulag váttryggingafélagsins er og hvernig ábyrgð er úthlutað og hvernig hún er vöktuð

	Fyllið inn nöfn allra stjórnarmanna, bætið við dálkum eftir þörfum. Setjið "X" við nöfn þeirra stjórnarmanna sem hafa mesta þekkingu/fagkunnáttu/reynslu af viðkomandi þætti. Bætið við dálkum svo pláss sé fyrir alla stjórnarmenn váttryggingafélagsins.							Setjið inn sameiginlega stigagjöf fyrir stjórnina, m.v. núverandi samsetningu stjórnar
	Nafn stjórnarmanns	Nafn stjórnarmanns	Nafn stjórnarmanns	Nafn stjórnarmanns	Nafn stjórnarmanns	Nafn stjórnarmanns	Nafn stjórnarmanns	ES = Ekki til staðar L = lágt ML = Miðlungs lágt MH = Miðlungs hátt H = Hátt
Mat á skipulagi og virkni stjórnenda								
Mat á skipulagi og virkni innra eftirlits								
Mat á skipulagi og virkni stjórnarháttanna innan samstæðu (t.d. samskipti á milli móður- og dótturfélaga eða útibúa)								
Mat á skipulagi og virkni mannauðssviðs								
Mat á hæfi og hæfni stjórnenda og annarra lykilstarfsmanna								
Stefnur og reglur fyrir móttöku nýrra stjórnarmanna og starfsmanna og áframhaldandi þjálfun þeirra								
Kaupakareglur, ákvörðun um launakjör (bæði til stjórnar og stjórnenda) og notkun kaupauka til að hafa áhrif á hegðun starfsmanna								
Áætlanir um stöðugan rekstur								
Útvistunarstefna og eftirlit með útvistuðum verkefnum								
Önnur málefni tengd stjórnarháttum má tiltaka hér að neðan ef þörf er á (s.s. ef um er að ræða meiriháttar skipulagsbreytingar sem kallar á sértæka þekkingu stjórnarmanna)								
*								
*								

B. Áhættustýring, regluvarsla og endurskoðun

Þessum hluta sjálfsmatsins er ætlað að kortleggja reynslu stjórnarmanna á þáttum á borð við áhættustýringu (þ.á.m. á fyrstu varnarlinu sem og á óháðri áhættustýringu sem annarri varnarlinu). Jafnframt kortleggur þessi hluti reynslu stjórnarmanna á regluvörslu (önnur varnarlína) og innri endurskoðun (þriðja varnarlína)

[illegible]

C. Stjórnun, stefnumótun og ákvarðanataka

Þessum hluta sjálfsmatsins er ætlað að kortleggja almenna þekkingu, sérfræðiþekkingu og fagkunnáttu stjórnarmanna. Jafnframt er þessum hluta ætlað að kortleggja sameiginlega hæfni stjórnarinnar til ákvarðanatöku.

[illegible]

Yfirlit yfir reynslu stjórnarmanna

Þessum hluta sjálfsmatsins er ætlað að sýna sameiginlegt yfirlit yfir reynslu stjórnarmanna á váttrygginga- og fjármálamarkaði. Því er jafnframt ætlað að veita yfirsýn yfir aðra þekkingu og reynslu. Yfirlitinu er ætlað að veita yfirsýn á mat stjórnarinnar á sameiginlegri þekkingu og mati á því hvort sameiginleg þekking sé fullnægjandi m.t.t. reksturs og rekstrarumhverfis váttryggingafélagsins.

[illegible]

Heildarmynd yfir sameiginlegt hæfi og hæfni stjórnar

Þessum hluta er ætlað að meta sameiginlegt hæfi og hæfni stjórnarinnar, þar sem tekið er tillit til þeirrar kortlagningar sem farið hefur fram

Hverjir eru styrkleikar stjórnarinnar?

Hverjir eru veikleikar stjórnarinnar? Hvernig áætla stjórnin að takast á við þessa veikleika? Hver er tímalínan? Hversu áhrifarík hafa þau úrræði sem stjórn hefur þegar gripið til, til að takast á við veikleika sína verið?

Hugleiðingar varðandi heildarsamsetningu stjórnarinnar

Útskýrið hvers vegna váttryggingafélagið telur þessa samsetningu stjórnarinnar fullnægjandi og áhrifaríka, t.d.

- Hvernig er samvinna stjórnarmanna háttað?
- Hvaða hlutverk hafa mismunandi stjórnarmenn til að tryggja öflugar og fullnægjandi samræður áður en
- Hvaða eiginleika hefur hver stjórnarmaður sem bætir hæfi og hæfni stjórnarinnar í heild?
- Er stærð stjórnarinnar viðeigandi m.v. umfang og flækjustig rekstrarins? Er fjöldi varamanna of mikill/ of lítil?

Með hliðsjón af hagsmunum váttryggingafélagsins til lengri tíma, hvaða þætti þarf að bæta til að hæfi og hæfni stjórnarinnar í heild sé fullnægjandi?

Viðauki

Þessum

Þessum hluta sjálfsmatsins er ætlað að halda utan um útskýringar á innra ferlinu á bakvið gerð sjálfsmatsins. Þá er hægt að útskýra betur stigagjöfina ef þess er óskað auk þess sem hægt er að skrásetja yfirlit yfir vinnuskjöl sem notuð voru við gerð sjálfsmatsins

Innra ferli við gerð sjálfsmatsins

Þættir sem hægt er að tilgreina:

- Aðilar sem tóku þátt í sjálfsmatinu
- Tímasetning (árlegt sjálfsmat, óreglulegt sjálfsmat)
- Upplýsingar sem var safnað við gerð sjálfsmatsins

Viðbótarútskýringar vegna stigagjafar

Viðskiptalíkan

Stjórnarhættir

Áhættustýring, regluvarsla, innri endurskoðun

Stjórnun, stefnumótun og ákvarðanataka

Yfirlit yfir vinnuskjöl